


Skólavörðustígur 15 – erindi frá byggingafulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. febrúar 2023 var lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingafulltrúa frá 21. febrúar 2023 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir útiveitingasvæði fyrir 40 gesti, veitingastaðs í flokki II, tegund e. kaffihús í fjöleign, á vesturhluta lóðar, við húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Skólavörðustíg 15 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1a, miðborgarkjarni.

Deiliskipulag: Í gildi fyrir lóðina er deiliskipulag, Klapparstígsreitur, samþykkt 20. maí 2003 með síðari breytingum.


Umsögn

Húsið á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg verslunarhúsnæði með íbúð á efri hæð, byggt árið 1908 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á leyfi til að koma fyrir útiveitingasvæði fyrir 40 gesti, veitingastaðs í flokki II, tegund e. kaffihús í fjöleign, á vesturhluta lóðar, við húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg.

Veitingastaðir í fl. II eru skilgreindir sem umfangslitir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Opnunartími skal almennt takmarkast við kl. 01 um helgar og á aðfararnætur frídaga en til kl. 23 virka daga. Á lóðinni gilda takmarkaðar miðborgarheimildir. Á svæði með takmarkaðar miðborgarheimildir má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I–III, þó aldrei lengur en til kl. 01 um helgar. Í rekstrarleyfi veitingastaða á þessu svæði má heimila útiveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 22:00.

Í umsókn er lýst áformum um að veita hjómplötuversluninni 12 Tónum möguleika á að geta boðið viðskiptavinum sínum að njóta veitinga á palli í bakgarði. Pallurinn sé einnig hugsaður sem viðverustaður fyrir gesti verslunarinnar á hátíðsdögum og menningarviðburðum eins og hverfishátíðum og þessháttar. Í umsókn kemur fram að tónleikar fari fram innandyrna á efri hæð verslunar og á góðviðrisdögum og hátíðardögum geti tónleikar farið fram í garðinum. Þetta samrímist ekki skilgreiningu á veitingastaði í flokki II þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist.

Ekki er lagst gegn útiveitingasvæði en lagst er gegn öllu tónleikahaldi utandyra á útiveitingasvæði.



Niðurstaða

- Ekki er lagst gegn útiveitingasvæði í bakgarði Skólavörðustígs 15.
- Lagst er gegn tónleikahaldi utandyra í bakgarði, samrýmist ekki rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki II.
- Sækja þarf um tækifærisleyfi fyrir einstökum viðburðum, s.s. tónleikahaldi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri